



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1252  
komudagur 15. 3. 2010


Reykjavík, 12. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Dómstólaráð vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis 4. mars 2010 þar sem þess er óskað að ráðið láti í té umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara). Með frumvarpinu eru lagt til að stofnuð verði dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjanda og embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara og að álit nefndarinnar verði bindandi fyrir ráðherra.

Dómstólaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og telur að það hafi að geyma mikilvægar útbætur sem miði að því að styrkja sjálfstæði dómsvaldsins. Einnig telur dómstólaráð rökrétt og eðlilegt að það tilnefni nefndarmann í dómnefndina með hliðsjón af hlutverki ráðsins og því hvernig nefndin er skipuð að öðru leyti.

F.h. dómstólaráðs,



Helgi I. Jónsson,  
starfandi formaður